# Búkolla HÁMARK II - með VISTBÓT

## Steinefnablanda fyrir mjólkurkýr

Búkolla HÁMARK er fínt malað steinefnafóður fyrir mjólkurkýr og er einkum hugsað fyrir hámjólka gripi. Blandan inniheldur hátt hlutfall andoxunarefna og E-vítamíns auk lífræns selens sem nýtist betur en hefðbundið selen.
Blandan er hluti af Vistbótar-hugmyndafræðinni og inniheldur náttúrulegar kjarnaolíur sem geta dregið úr metanlosun jórturdýra um 10%. Með rannsóknum hefur jafnframt verið sýnt fram á bætta nýtingu trénis í vömb og þar með aukna nýtingu fóðurs.
Búkolla HÁMARK inniheldur Levucell SC, liflandi góðgeril sem getur getur bætt vambarumhverfi, dregið úr sýrustigssveiflum og aukið nýtingu fóðurefna.
Í Búkollu blöndunum eru sum steinefni á formi sem gerir þau torleyst í vömb en eykur á móti upptöku þeirra í smágirni. Þetta eykur nýtanleikann en dregur líka úr bakteríuhemjandi eiginleikum efnanna með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á starfsemi vambar og er til þess fallið að bæta nýtingu fóðurs.

Búkollu steinefnablöndurnar eru innihaldslega aðlagaðar að íslenskum heyjum, og við þá vinnu byggt á efnagreiningarniðurstöðum verkunarsýna sem safnað var yfir 10 ára tímabil.



## Notkun

Búkolla HÁMARK er fínt möluð steinefnablanda ætluð til íblöndunar í heilfóðurblöndu eða sem ábót á gróffóður ef gefið er á fóðurgang. Efnið er fínt malað og límist við gróffóðrið.

## Hentar fyrir

Búkolla HÁMARK hentar hámjólka kúm á mjaltaskeiði, getur dregið úr sýringu vambar þegar kjarnfóðurgjöf er mikil og bætt upptöku steinefna. Búkolla getur minnkað kolefnisspor búskapar.

Ráðlagður dagsskammtur fyrir mjólkurkýr: 150 g/grip á dag.

**25 kg**
Vnr. 81260

**Geymsluþol:**
Sjá upplýsingar á poka. Geymist á þurrum og köldum stað.

## Innihald

Kalsíumkarbónat; magnesíumoxíð; mónókalsíumfosfat; kalkleir; natríumbíkarbónat; natríumklóríð; pálmaolía; hert sólblómafita; afurðir sem verða til við vinnslu rósmaríns (Rosmarinus officinalis) og túrmeriks (Curcuma longa).

## Greiningarþættir (pr. kg)

Kalsíum 158 g, fosfór 40 g, magnesium 100 g, natríum 80 g.

**Aukefni**

| | |
|---|---|
| Rotvarnarefni: | |
| Fúmarsýra (1a297) | 0,83 g |
| Andoxunarefni: | |
| Bútýlerað hýdroxýanisól (BHA) (E320) | 0,67 mg |
| Bútýlerað hýdroxýtólúen (BHT) (E321) | 10 mg |
| Valdar kjarnaolíur: | |
| Kjarnaolíublanda | 1841,67 mg |

| | |
|---|---|
| Snefilefni: | |
| Joð (3b202) kalsíumjoðat, vatnsfrítt | 75 mg |
| Kóbalt (3b304) húðað, kornað kóbalt(II)karbónat | 25 mg |
| Kopar (3b409) tvíkoparklóríð-tríhýdroxíð | 750 mg |
| Mangan (3b502) mangan(II)oxíð | 1500 mg |
| Sink (3b609) sinkklóríð-hýdroxíð, einvatnað | 2500 mg |
| Selen (3b8.11) selenmeþíónín framleitt með Sacch. Cer. NCYC R397 | 10 mg |
| Þarmaflórustöðgari: | |
| Levucell SC (Saccharomyces cerevisiae CNCM I-1077 (E1711/ 4a1711/ 4b1711)) | 66,67x10 ^9 CFU |

| | |
|---|---|
| Vítamín: | |
| A-vítamín (3a672a) | 550.000 AE |
| D3-vítamín (3a671) | 120.000 AE |
| E-vítamín (alhandhverfujafnt-alpha-tókóferólasetat (3a700)) | 1.750 AE |
| Bragðefni: | |
| Blanda bragðefnasambanda (AO-mix) * | 675 mg |

* = Ígildi 3.100 AE andoxandi E-vítamíns eru lögð til með blöndu af alhandhverfujöfnu-alpha-tókóferólasetati (1.750 AE) og Trouw AO-mix sem komið getur í stað andoxandi virkni E-vítamíns.

Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík | Borgarnes | Akureyri | Blönduós | Hvolsvöllur
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | Lynghals | Borgarbraut | Óseyri | Efstubraut | Ormsvöllur